

Bláskógbabyggð
Rebekka Rut Ingvarsdóttir
Félagsheimilinu Aratungu
801 Selfoss

Reykjavík, 22. október 2024
UST202409-149/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Efra-Apavatn - Frístundalóðir og skógrækt - Bláskógbabyggð

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Bláskógbabyggðar er barst 13. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Efra-Apavatn 1D í Bláskógbabyggð.

Í greinargerð kemur fram að um er að ræða skilgreiningu frístundalóða og byggingarheimilda innan frístundasvæðis F21 þar sem samtals er gert ráð fyrir átta lóðum á svæðinu. Á hverri lóð er gert ráð fyrir heimildum fyrir frístundahús, gestahús/aukahús allt að 40 m² og geymsluhús að 15 m² innan hámarks nýtingarhlutfalls 0,03.

Votlendi

Skipulagssvæðið virðist frekar blautt og bendir Umhverfisstofnun því á að innan skipulagssvæðisins eru votlendi með votlendisvistgerðum sem hafa mjög hátt verndargildi og njóta verndar samkvæmt alþjóðlegum samningum og því mikilvægt að afmarka framkvæmdir með tilliti til votlendisins. Auk þess getur veglagning valdið þurkkáhrifum. Í votlendi getur verið ríkt fuglalíf og því getur frístundabyggð og skógrækt haft neikvæð áhrif á fuglalíf.

Umhverfisstofnun bendir á að í aðgerðaráætlun stjórnarvalda í loftslagsmálum er að vernda og endurheimta votlendi. Því þarf að fjalla nánar um vernd votlendis í tillögunni, vitna í markmið aðgerðaráætlunarinnar og fjalla um stefnu sveitarfélagsins um vernd votlendis samkvæmt aðalskipulagi.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að vestast á svæðinu, líklega vestan við skógræktina er votlendi sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Því þarf að skoða áhrif tillögunnar á votlendi vel.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Rakel Sæmundsdóttir

sérfræðingur